

- ann. Á tímabilinu 16. ágúst til 31. október eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfaflóa innan línu, sem dregin er úr innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.
12. Á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
13. Á tímabilinu 1. september til 31. október n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
14. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótnes að norðan.
15. Á svæði innan línu, sem hugsast dregin frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakknes.
16. Í Þistilfirði á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu er hugsast dregin úr Grenjanesi í Rauðanestá og á tímabilinu 16. ágúst til 31. október innan línu er hugsast dregin úr Hleinartanga í Laxártanga vestan fjarðarins.

Bátum, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á hinum leyfðu veiðisvæðum fyrir Norðurlandi, verður einum veitt leyfi til að veiða á þeim svæðum, en hins vegar verða þeim ekki leyfðar dragnótaveiðar annars staðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, taka heimildir þær, sem veittar eru í þeim lögum til veiða með botnvörpu og flotvörpu, og til dragnótaveiða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Að lokinni nýrri skoðanakönnun Fiskifélags Íslands um dragnótaveiðar í Faxaflóa og í samræmi við ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir visindalegu eftirliti, hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að bátum innan lögmæltra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Suður- og Vesturlandi, og leyfi fá til dragnótaveiða, skuli heimilar dragnótaveiðar til 31. október næstkomandi á eftirgreindu svæði til viðbótar þegar auglýstum veiðisvæðum samkvæmt auglýsingu frá 11. júní s.l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970:

Á svæði frá línu réttvisandi vestur frá Reykjanesvita að línu réttvisandi vestur frá Malarrífi á Snæfellsnesi. Þó skulu dragnótaveiðar óheimilar á svæði innan línu, sem hugsast dregin milli punkta tvær sjómíllur réttvisandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótsnefi) og tvær sjómíllur réttvisandi vestur frá Stafnestá. Svæðið takmarkast að sunnan af línu réttvisandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótsnefi)

og að norðan af línu réttvísandi í vestur frá Einbúa í Ósum. Í Faxaflóa eru drag-
nótaveiðar óheimilar innan eftirgreindra lína:

1. Úr Garðskagavita um punktinn 64°8' n.br. og 22°42' v.l. í Gerðistangavita.
2. Úr Hólmsbergsvita um bauju nr. 6 í Faxaflóa í Kirkjuhólsvita.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum
á vinnustöðum, nr. 2 18. janúar 1964.

1. gr.

G-liður 1. greinar gjaldskrárinnar hljóði þannig:

Í hvert sinn sem skip sem flytur vörur og er 500 rúmlestir eða meira kemur í
höfn til losunar eða lestunar skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlitsins þannig:

Skip, sem eru	500 til 1000	brúttólestir	greiði	kr.	500.00
— — —	1000 — 2000	—	—	—	1000.00
— — —	2000 — 3000	—	—	—	1500.00
— — —	3000	brúttólestir og þar yfir	—	—	2000.00

2. gr.

Breyting þessi tekur gildi 1. júlí 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. júní 1970.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku reglugerðar samgönguráðuneytisins nr. 74/1970,
um innheimtu þungaskatts samkvæmt öikumælum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að vegna verkfalls bifvélavirkja hefur reynzt
óhjákvæmilegt að fresta gildistöku fyrrgreindrar reglugerðar til 1. ágúst 1970.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.